

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

Fjarkennsla í tónlistardeild Listaháskóla Íslands

**Hvernig fór hún fram, hverjar voru helstu áskoranir og hver
eru möguleg tækifæri?**

Jóhanna Elísa Skúladóttir

Lokaritgerð til B.Mus.Ed.-prófs

Listaháskóli Íslands

Tónlistardeild

Nóvember 2020

**Fjarkennsla í tónlistardeild Listaháskóla Íslands:
Hvernig fór hún fram, hverjar voru helstu áskoranir og hver
eru möguleg tækifæri?**

Jóhanna Elísa Skúladóttir

Lokaritgerð til B.Mus.Ed.-prófs í rytmískri söng- og hljóðfærakennslu

Leiðbeinandi: Elín Anna Ísaksdóttir

Rytmísk söng- og hljóðfærakennsla

Tónlistardeild

Nóvember 2020

Ritgerð þessi er 6 eininga lokaritgerð til BA-prófs í rytmískri söng- og hljóðfærakennslu. Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Útdráttur

Kórónaveirunni þarf vart að lýsa en hún hefur sett svip sinn á líf fólks á árinu 2020. Öll ríki jarðar hafa þurft að mæta afleiðingum veirunnar og reynt að hefta útbreiðslu hennar. Á Íslandi var sett á samkomubann þann 16. mars sem hefur verið í gildi allt árið 2020 með mishörðum takmörkunum. Öllum framhaldsskólum og háskólum var lokað á tímabilinu 16. mars – 4. maí og þurftu skólarnir að kenna í fjarnámi. Augljóst var að um mikla áskorun var að ræða fyrir skólastjórnendur, kennara og nemendur Listaháskólans þar sem skólinn er eini háskóli landsins sem hefur ekki boðið upp á fjarnám áður. Með þessari ritgerð vill höfundur gera úttekt á þessu kennslufyrirkomulagi í tónlistardeild Listaháskólans og vonast sömuleiðis til þess að niðurstöðurnar gætu nýst í framtíðinni. Gert er grein fyrir uppbygginu náms í Listaháskólanum ásamt fræðilegri umfjöllun um fjarnám. Aðferðarfræði ritgerðarinnar er þrjúþætt. Í fyrsta lagi skrifuðu fimm nemendur í tónlistardeild Listaháskólans dagbækur um þeirra upplifun af einkatímum í fjarkennslu á meðan á henni stóð. Í öðru lagi var gerð könnun meðal nemenda tónlistardeildar sem gefur heildarmynd á hvernig upplifun nemenda var af fjarkennslunni. Í þriðja lagi var gerð könnun meðal kennara sem veitir innsýn í þeirra upplifun og kennsluhætti. Í umræðum er niðurstöðum svarað með fræðilegum rannsóknum til hliðsjónar en niðurstöður leiddu í ljós að fjarkennslan hafi gengið ágætlega. Helstu kostir fjarkennslunnar voru að ekki þurfti að koma sér á milli staða og hægt var að vinna hvar sem er. Helstu vandamál í bóklegum fögum voru tengd kennslufræðilegri nálgun á meðan helstu vandamál einkatíma voru tæknileg.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
1. Uppbygging náms í Listaháskólanum	1
<i>Bókleg fög</i>	2
<i>Samspil</i>	2
<i>Einkatímar</i>	2
2. Fjarnám	3
<i>Almennt um fjarnám</i>	3
<i>Fjarnám í tónlist</i>	4
3. Aðferð og niðurstöður ritgerðar	5
<i>Dagbækur nemenda</i>	6
<i>Aðferð nemendakönnunar</i>	8
<i>Niðurstöður nemendakönnunar</i>	9
Einkatímar	9
Bókleg fög	12
Forrit í fjarkennslu	14
<i>Aðferð kennarakönnunar</i>	14
<i>Niðurstöður kennarakönnunar</i>	16
Einkatímar	16
Bókleg fög	17
Umræður	19
Heimildaskrá	21

Inngangur

Í lok árs 2019 komu fréttir frá Kína um að ný veira, Kórónuveiran, hafi brotist út þar í landi.¹ Það var svo ekki fyrr en í lok febrúar að veiran kom til Íslands og setti samfélagið á hliðina. Vegna smithættu var komið á samkomubanni. Fjöldi þeirra sem máttu koma saman var í fyrstu 100 manns, en fækkaði niður í 20 þegar veiran var í hámarki vorið 2020. Öllum menntaskólum og háskólum í landinu var lokað í yfir fimm vikur og öll kennsla flutt yfir í fjarkennslu.² Augljóst var að um mikla áskorun var að ræða fyrir skólastjórnendur, kennara og nemendur. Háskólar á Íslandi hafa í gegnum tíðina boðið upp á fjarnám.³ Annað má segja um Listaháskóla Íslands en skólinn býður upp á fjölbreytt nám í listgreinum. Listnám krefst yfirleitt nándar við kennara og notkun sérstaks rýmis eins og t.d. æfingarrými fyrir hljóðfæraleikara. Það hefur því ekki áður verið grundvöllur á Íslandi fyrir fjarnámi í listgreinum, fyrr en í mars 2020 í kjölfar kórónuveirunnar. Það gefur auga leið, að því getur fylgt áskorun fyrir tónlistarnemanda að sækja einkatíma sína í gegnum vefforrit. Sömuleiðis er það áskorun fyrir kennara að breyta sínum kennsluháttum. Í samkomubanninu vorið 2020 bað höfundur fimm samnemendur að halda dagbók um sína einkatíma. Þessar dagbækur gefa innsýn í reynslu nemanda af þessu kennslufyrirkomulagi. Niðurstöður dagbókanna ásamt könnun meðal nemenda og kennara við tónlistardeild Listaháskólans munu varpa ljósi á eftirfarandi spurningar. Hvernig fór fjarkennsla í tónlistardeild Listaháskólans fram, hverjar eru helstu áskoranir hennar og hver eru möguleg tækifæri?

1. Uppbygging náms í Listaháskólanum

Listaháskóli Íslands var stofnaður árið 1998 og hóf störf ári síðar, árið 1999. Skólinn býður upp á fjölbreyttar námsbrautir á bakkalárstigi og meistarástigi. Eins og nafn skólans gefur

¹ Kjartan Kjartansson, „Óþekkt veira í Kína líklega ný gerð kórónuveiru,“ *Vísir*, 14. Janúar 2020. Sótt 18. nóvember 2020 á <https://www.visir.is/g/20201102610d>

² „Dregið úr takmörkunum á samkomum og skólahaldi 4. maí,“ *Stjórnarráð Íslands*, 14. apríl 2020. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/04/14/Dregid-ur-takmorkunum-a-samkomum-og-skolahaldi-fra-4.-mai/>.

³ Erla Þrándardóttir o.fl., „Fjarnám við íslenska háskóla; úttekt og stöðugreining.“ *Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri*, 2007: 1. Sótt 18. nóvember 2020 á https://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2007/fjarnam_isl_hask_lokask.pdf

til kynna býður skólinn upp á listnám af margskonar tagi þar sem áhersla er lögð á sköpunargáfu nemenda.⁴ Innan skólans starfa fimm deildir, hönnunar- og arkitektúrdeild, sviðslistadeild, listkennsludeild, myndlistardeild og tónlistardeild.⁵ Tónlistardeild Listaháskólans býður upp á námsbrautir í hljóðfæraleik og söng, tónsmíðum, skapandi tónlistarmiðlun og kennslu, en hlutverk deildarinnar er að mennta tónlistarfólk og undirbúa það fyrir hin ýmsu störf í tónlist. Markmiðið er að nemendur þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og öðlist þá þekkingu og færni sem þarf til að rækta sig sem sjálfstæða tónlistarmenn.⁶

Nám í tónlistardeild skiptist í þrjá megin undirflokkka; bókleg fög, samspilsnámskeið og einkatíma í hljóðfæraleik, söng og tónsmíðum.

Bókleg fög

Nemendur tónlistardeildar þurfa að sækja tíma í ýmsum bóklegum fögum, og er kennslufyrirkomulag yfirleitt á fyrirlestraformi. Sum fög innihalda umræðuhópa og umræðutíma þar sem nemendur og kennari ræða sína á milli um viðfangsefni kennslutíma. Það brýtur upp hinn hefðbunda fyrirlestratíma og gefur kost á gagnrýni og að ólík sjónarmið komi fram. Sum bókleg fög eru einnig verkleg að hluta, t.d. tónheyrn. Þar þurfa nemendur að syngja, klappa rytma og framkvæma allskyns verklegar tónheyrnaræfingar.

Samspil

Hluti af öllu hljóðfæranámi í Listaháskólanum er að taka þátt í samspilum. Samspil stuðlar að samfélagslegum tengslum við aðra nemendur og þróa getu nemenda í teymisvinnu. Í samspili er einnig tækifæri fyrir nemendur að spreyta sig á því sem þeir hafa lært í einkatímum. Nemendur öðlast þekkingu á ólíkum tónlistarstílum og fá tækifæri að koma fram, en þjálfun í að koma fram er mikilvægur hluti tónlistarnáms og því enda samspilsáfangar yfirleitt með tónleikum.

Einkatímar

Allir nemendur sækja einkatíma í aðalfagi sínu. Skipta má einkatímum sem í boði eru í skólanum í tvennt. Nemendur í hljóðfæranámi sækja einkatíma á hljóðfæri en nemendur í tónsmíðanámi sækja einkatíma í tónsmíðum. Dæmigerð lýsing á hljóðfæraeinkatímum er

⁴ „Um Listaháskólann,“ *Listaháskóli Íslands*, e.d. Sótt 18. nóvember á <https://www.lhi.is/um-listahaskolann>

⁵ „Námsbrautir við Listaháskóla Íslands,“ *Listaháskóli Íslands*, e.d. Sótt 18. nóvember á <https://www.lhi.is/namsbrautir-vid-listahaskola-islands>

⁶ „Almennt um tónlistardeild,“ *Listaháskóli Íslands*, e.d. Sótt 18. nóvember á <https://www.lhi.is/almennt-um-tonlistardeild>

að lögð er áhersla á tækni, innsæi, þekkingu á tónlistarstíflum, túlkun, sjálfstæð vinnubrögð og góðan tónlistarflutning. Dæmigerð lýsing á tónsmíðaeinkatímum er að lögð er áhersla á að virkja sköpunarkraft nemanda og vinna að listrænni mótun hans.

2. Fjarnám

Almennt um fjarnám

Fjarnám er námsform þar sem nemendur og kennarar hittast lítið sem ekkert í augliti til auglits, heldur fer mest öll kennslan fram í gegnum netið.⁷ Í mörg ár hefur fjarnám af ýmsum toga verið í boði í öllum háskólum á Íslandi, að Listaháskólanum undanskildum.⁸ Fjarkennsla býður upp á sveigjanleika í námi sem getur komið sér vel fyrir fólk sem vill fara á sínum hraða í gegnum námið. Fjarnám gerir nemendum einnig kleift að stunda nám sitt hvar sem er og hvenær sem er.⁹ Fjarnám getur verið krefjandi og erfiðara heldur en hefðbundið staðnám. Sá stuðningur og aðhald sem fæst af því að hitta samnemendur og kennara í staðarnámi er lítill í fjarnámi. Nemendur í fjarnámi þurfa því að vera staðráðnir í að sinna náminu vel og sýna ákveðið sjálfstæði og sjálfsaga.¹⁰ Í fjarnámi þarf að stuðla að góðum samskiptum á sem skilvirkastan hátt. Góð samskipti hvetur nemanda áfram í námi og kemur í veg fyrir að hann einangrist vegna fjarlægðar við kennara og aðra nemendur,¹¹ en einangrun getur leitt til þess að nemandi nýtur því ekki að vera í náminu og gæti þar af leiðandi hætt.¹² Nemandi þarf að finna að hann tilheyrir hópnum.¹³ Á heimasíðu Háskóla Íslands um fjarnám er sagt að námið þurfi ekki að vera einmanalegt ef nemendur nýta sér þær samskiptaleiðir sem í boði eru,¹⁴ en tækni nútímans býður á ýmsa samskiptamöguleika. Huga þarf að mörgum þáttum þegar undirbúningur fjarnáms á sér stað. Verkefni sem ganga vel í staðnámi þarf oftast að endurhugsa og skipuleggja upp á nýtt svo þau henti fjarnámi. Kennari þarf að vera með gott skipulag og aðgengilegt

⁷ Ásrún Matthíasdóttir, „Fjarnám á háskólastigi.“ *Tölvumál* 34, 1 (2009): 42. Sótt 18. nóvember á <https://timarit.is/page/6621656>.

⁸ Erla Þrándardóttir o.fl., „Fjarnám við íslenska háskóla; úttekt og stöðugreining,“ 1.

⁹ Ibid., 2.

¹⁰ Ásrún Matthíasdóttir, „Fjarnám á háskólastigi.“

¹¹ Carol Johnson, „Teaching music online: Changing pedagogical approach when moving to the online environment.“ *London Review of Education* 15, 3 (2017): 451, doi:10.18546/LRE.15.3.08.

¹² Theano Koutsoupidou, „Online distance learning and music training: benefits, drawbacks and challenges.“ *Open Learning* 29, 3 (2014): 252, doi:10.1080/02680513.2015.1011112.

¹³ Johnson, „Teaching music online: Changing pedagogical approach when moving to the online environment,“ 451.

¹⁴ „Fjarnám,“ *Háskóli Íslands*, e.d. Sótt 18. nóvember á https://www.hi.is/nam/fjarnam_0

námsefni fyrir fjarnemendur. Hann þarf að vera virkur í að svara spurningum nemenda og gefa uppbyggilega endurgjöf.¹⁵

Fjarnám í tónlist

Fjölmarginir tónlistarháskólar í heiminum bjóða upp á fjarnám, bæði á grunnstigi og framhaldsstigi. Margir tónlistarháskólar bjóða einnig uppá stök námskeið.¹⁶ Algengast er að námið sé einhvers konar blanda af fjarkennslu og staðbundinni kennslu. Námið fer þá mest megnis fram á netinu en krefst þess að nemandi mæti í reglulegar staðbundnar lotur.¹⁷ Hinsvegar bjóða sumir skólar upp á fjarkennslu sem krefst engrar staðbundinnar kennslu.¹⁸ Meistaránám er í meirihluta þegar kemur að framboði af fjarnámi þessara háskóla. Kennsluskra meistaránáms er oft byggð á lestri og þjálfun í rannsóknarvinnu svo að nemendur læri að tileinka sér fræðilegar aðferðir við efnið.¹⁹ Þetta er þó alls ekki algilt hvað varðar meistaránám í tónlist. Líkt og kom fram í kaflanum um uppbyggingu náms í Listaháskólanum þá inniheldur nám á grunnstigi í tónlist margvíslega þætti eins og hljóðfærataekni, hlustun, samspil og stjórnun svo eitthvað sé nefnt. Þessa þætti gæti fjarkennsla hindrað verulega og því eru töluvert færri tónlistarháskólar sem bjóða upp á fjarnám á grunnstigi.²⁰

Einhverjar rannsóknir eru til um upplifun á fjarnámi í tónlistarháskólum þó þær séu ekki margar. Í rannsókn sem var byggð á níu tónlistarnámsbrautum í Bandaríkjunum var niðurstaðan sú að prófgráður á netinu séu hvorki síðri né betri en hefðbundin námskeið heldur séu þær viðbót fyrir háskóla til að ná til fleirra fólks og stækka samfélag sitt. Önnur rannsókn leiddi í ljós að þó að fjarnám sé ekki fyrir alla að þá getur fjarnám á meistarastigi gefið mörgum auðveldara aðgengi að faglegri þróun í starfi.²¹

¹⁵ Ásrún Matthíasdóttir, „Fjarnám á háskólastigi,“ 43.

¹⁶ Koutsoupidou, „Online distance learning and music training: benefits, drawbacks and challenges“, 245.

¹⁷ James W. Sherbon og David L. Kish, „Distance Learning and the Music Teacher.“ *Music Educators Journal* (2005) 37, doi:10.2307/3400195

¹⁸ Koutsoupidou, „Online distance learning and music training: benefits, drawbacks and challenges,“ 244-245.

¹⁹ Ibid., 245, 249.

²⁰ Ibid., 249.

²¹ Ibid., 244.

3. Aðferð og niðurstöður ritgerðar

Kórónaveirunni þarf vart að lýsa en hún hefur sett svip sinn á líf fólks á árinu 2020. Öll ríki jarðar hafa þurft að mæta afleiðingum veirunnar og reynt að hefta útbreiðslu hennar. Á Íslandi hafa verið í gildi ákveðnar sóttvarnareglur, samkomubönn og tveggja metra regla til að hefta útbreiðslu veirunnar. Þann 16. mars 2020 tók samkomubann gildi sem hefur verið virkt það sem af er árinu. Bannið hefur tekið ýmsum breytingum á þessum tíma og hafa aðgerðir verið hertar þegar á þurfti að halda og síðar slakað á þeim þegar faraldurinn var í rénun. Öllum framhaldsskólum og háskólum var lokað á tímabilinu 16. mars – 4. maí og þurftu skólarnir að kenna í fjarnámi.²² Á þeim tíma fékk höfundur þá hugmynd að rannsaka upplifun nemenda og kennara af fjarkennslu í tónlistardeild Listaháskólans. Deildin hefur aldrei þurft að kenna í fjarnámi áður og var því ljóst að um áskorun var að ræða, bæði fyrir nemendur og kennara.

Með þessari ritgerð vill höfundur gera úttekt á þessu kennslufyrirkomulagi í Listaháskólanum og vonast sömuleiðis til þess að niðurstöðurnar gætu nýst í framtíðinni. Aðferðarfræðin er þríþætt. Í fyrsta lagi skrifuðu fimm nemendur í tónlistardeild Listaháskólans dagbækur um þeirra upplifun af einkatímum í fjarkennslu á meðan á henni stóð. Nemendurnir eru allir af mismunandi brautum í skólanum og gefa ákveðna innsýn í hvernig fjarkennslunni var háttað og hvernig hún gekk. Í öðru lagi var gerð könnun meðal nemenda tónlistardeildar sem gefur heildarmynd á hvernig upplifun nemenda var af fjarkennslunni. Í þriðja lagi var gerð könnun meðal kennara sem veitir innsýn í þeirra upplifun og kennsluhætti. Hér á eftir verður gert grein fyrir aðferðum og niðurstöðum þessara þriggja þátta; dagbókum nemenda, nemendakönnun og kennarakönnun.

Dagbækur nemenda

Fimm nemendur í tónlistardeild Listaháskólans skrifuðu dagbækur um sína einkatíma í fjarkennslu síðasta vor. Tímabilið spannaði frá 16. mars – 4. maí, en þá var í gildi samkomubann og lokun Listaháskóla Íslands. Nemendur fengu skjal með spurningum sem var til viðmiðunar um hvað þeir ættu að skrifa eftir hvern einkatíma í fjarkennslu.

Spurningarnar voru eftirfarandi:

1. Dagsetning:

²² „Dregið úr takmörkunum á samkomum og skólahaldi 4. maí.“

2. **Hvernig gekk tíminn?**
3. **Var eitthvað sem var ekki hægt að framkvæma?**
4. **Hvernig var einbeiting í tímanum?**
5. **Eitthvað meira sem ég vil láta koma fram?**

Unnið var úr svörum nemendanna og hér á eftir er samantekt og niðurstöður úr dagbókum hvers og eins nemanda. Leyfi fékkst fyrir að birta nöfn nemenda í ritgerðinni. Samantektin er í eftirfarandi röð; Guðný, Helena, Karl, Magni, Jóhanna.

Guðný

Guðný var nemandi í klassískri söng- og hljóðfærakennslu. Hennar aðalhljóðfæri er klassískt píanó. Einkatímar Guðnýjar virtust ganga ágætlega. Það var þó erfitt að greina dýnamík í spilamenskunni og hljóðið kipptist til og hökti þegar Guðný spilaði sterka hljóma. Guðný og kennarinn hennar ákváðu því að hún skildi taka upp sjálfa sig spila og senda kennaranum svo hann gæti hlustað í betri gæðum. Kennarinn var alltaf með slökkt á myndavélinni til þess að auka gæði hljóðsins. Það var sérstök upplifun að sjá ekki kennarann heldur heyra aðeins í honum. Þau byrjuðu að nota forritið Microsoft Teams en skiptu yfir í forritið Whereby. Einbeitingin virtist vera í góðu lagi hjá Guðnýju, en þegar leið á fjarkennsluna virtist stress og álag vera farið að segja til sín vegna óvissu um útskriftartónleika. Þegar liðið var nokkuð á fjarkennsluna var hóptími hjá píanónemendum. Þá gátu nemendurnir loksins spilað fyrir hvorn annan, en það er mikilvægt samkvæmt Guðnýju að missa ekki þá æfingu að spila fyrir aðra. Hljóðgæðin voru ekki þau bestu en meira máli skipti þó að spila fyrir hina nemendurna.

Helena

Helena er nemandi í skapandi tónlistarmiðlun. Hennar aðalhljóðfæri er þverflauta. Einkatímarnir hennar virtust ganga vel. Það sem kom einna helst út úr dagbókarfærslum Helenu, var að forritið Google Meet virtist ganga best, en hún og kennari hennar prófuðu mörg forrit. Einbeiting var góð en Helena var fljótari að þreytast þegar leið á tímann heldur en í hefðbundnum tímum. Erfitt var að vinna í tóngæðum og dýnamík í gegnum tölvuhátalara en það komst illa til skila.

Karl

Karl er nemandi í klassískum söng. Af dagbókarskrifum hans að dæma gengu einkatímarnir ágætlega. Það virtist sem svo að tímarnir hafi verið meiri spjalltímar heldur en venjulega. Að farið hafi verið vel í þætti eins og efni texta, talrödd í söngnum, raddbeytingu og nálgun í ljóðasöng. Þegar kom að söngnum sjálfum virtust hljóðgæðin vera í fínu lagi svo lengi sem að aðeins einn talaði eða söng í einu. Karl var í tímum hjá nokkrum mismunandi kennurum á tímabilinu. Hann tók eftir því að sambandið og hljóðgæðin voru verri hjá einum kennara í samanburði við hina. Sá kennari var ekki með heyrnatól. Samkvæmt Karli voru tímarnir góðir þegar kom að öllu spjalli en margt vantaði uppá þegar kom að sjálfum söngnum. Hann fékk fínar leiðbeiningar en það vantaði upp á nándina og þetta ákveðna samspil sem skapast milli kennara og nemenda í hefðbundnum einkatímum.

Magni

Magni er nemandi í rytmískri söng- og hljóðfærakennslu. Aðalhljóðfærið hans er rytmískur gítar. Af dagbók Magna að dæma gekk fjarkennslan vel og var einbeiting góð í fyrstu þremur tímum. Hún fór síðan minnkandi því lengur sem leið á tímabilið. Gítarkennari hans var með vel uppsett kerfi fyrir fjarkennslu en hann var með tvennskonar hljóðnema tengda í tölvuna. Einn fyrir gítarmagnara og annan fyrir tal. Þó að um einhverja tækniörðugleika var að ræða, voru þeir þó ekki miklir og virtust hljómgæði bestir í forritinu Zoom. Það sem var ekki hægt að framkvæma í fjarkennslunni var samspil milli Magna og kennara hans. Þeir nýttu því tímann í aðra hluti eins og fræðilegar, tæknilegar og hljómfraðilegar nálganir. Það eina sem Magni setti út á tímana var að það var stundum erfitt að sjá hvað kennarinn var að sýna honum á skjánum.

Jóhanna

Jóhanna er nemandi í rytmískri söng- og hljóðfærakennslu. Hennar aðalhljóðfæri er söngur en hún sækir einkatíma í laga- og textasmíði. Einkatímar Jóhönnu gengu mjög vel. Þessa önnina var hún að æfa sig að taka upp og semja lög í forritinu Ableton. Hún sendi kennaranum sínum upptöku af verki í byrjun hvers tíma. Kennarinn hlustaði og rýndi í

verkið og í kjölfarið fylgdi hefðbundið spjall um verkið sjálft og framhald þess. Það reyndi ekki mikið á hljóðgæði tímanna þar sem einkatímar í laga- og textasmíði snúast aðallega um samtal. Það voru í raun engar hindranir og tímarnir gengu jafn vel fyrir sig og þeir gera venjulega. Einbeiting Jóhönnu var góð en hún tók eftir að tímarnir voru eilítið styttri en hefðbundnir tímar. Þó að það sé vissulega betra að hittast í persónu þá virka fjartímar í laga- og textasmíði vel að mati Jóhönnu.

Aðferð nemendakönnunar

Höfundur vildi athuga upplifun fleiri nemenda tónlistarbrautar Listaháskólans af fjarkennslu. Könnuninni var deilt á facebookhópi tónlistardeildar ásamt því að höfundur sendi könnunina á samnemendur sína. Hún var opin í um þrjár vikur í október 2020 og svöruðu 25 einstaklingar. Yfirskrift könnunnar var „Tónlistarfjarkennsla í LHÍ í samkomubanni – Vor 2020“ og var hún útbúin á internetsíðunni Survey Monkey. Hugað var vel að hverri spurningu til að fá sem bestar niðurstöður. Könnunin var fremur ítarleg en hún samanstóð af bæði krossaspurningum og spurningum sem kröfðust þess að svarendur skrifuðu svör. Meðalsvartími var um 13 mínútur. Könnunin samanstóð af eftirfarandi tíu spurningum:

- 1. Kyn:**
- 2. Aldur, námsár og námsbraut í LHÍ:**
- 3. Hvaða einkatíma sækir þú?**
 - a) Hljóðfæratónsmíðar
 - b) Raftónsmíðar
 - c) Laga- og textasmíði
 - d) Hljóðfæri/söng. Hvaða hljóðfæri?
- 4. Hvaða forrit fannst þér koma best út í einkatímum?**
 - a) Zoom
 - b) Teams
 - c) Messenger
 - d) Skype
 - e) Annað?
- 5. Hvernig fannst þér einkatímarnir ganga í heildina?**


- a) Mjög vel
 - b) Vel
 - c) Bæði og
 - d) Illa
 - e) Mjög illa
- 6. Hvernig var einbeiting í einkatímum og hverjir eru kostir og gallar fjarkennslu í einkatímum að þínu mati?**
- 7. Hvaða forrit fannst þér koma best út í bóklegum fögum?**
- a. Zoom
 - b. Teams
 - c. Messenger
 - d. Skype
 - e. Annað?
- 8. Hvernig fannst þér bóklegu fögin ganga í heildina?**
- a. Mjög vel
 - b. Vel
 - c. Bæði og
 - d. Illa
 - e. Mjög illa
- 9. Hvernig var einbeiting í bóklegum fögum og hverjir eru kostir og gallar fjarkennslu í einkatímum að þínu mati?**
- 10. Að lokum: Geturðu gert stuttlega grein fyrir áhrifum á aðra þætti námsins, eins og samspil, tónleika og félagslega þætti (nemendafélag o.fl.)? Annað sem þú vilt koma á framfæri?**

Niðurstöður nemendakönnunar

Einkatímar

Alls sögðust 41% svarenda að einkatímarnir hefðu gengið vel eða mjög vel. 45% sögðu þá hafa gengið bæði vel og illa á meðan 12% sögðu einkatímana hafa gengið illa eða mjög illa. Ef bornar eru saman niðurstöður tónsmíðanemenda og hljóðfæranemenda, koma öðruvísi niðurstöður í ljós. Þá sögðust 50% tónsmíðanema einkatímana hafa gengið vel eða mjög vel á móti 36 % hljóðfæranema. Þá sögðu 40% tónsmíðanema einkatíma hafa gengið

bæði vel og illa á móti 50% hljóðfæranema. Einungis 10% tónsmíðanema sögðu tímana hafa gengið illa eða mjög illa á móti 14% hljóðfæranema. Sjá samanburð á töflum eitt og



Töflur 1 og 2: Niðurstöður spurningu fimm um hvernig nemendum í hljóðfæraleik annars vegar og tónsmíðum hinsvegar fannst einkatímarnir ganga í heildina.

tvö.

Það er ljóst að einkatímar í tónsmíði gengu eilítið betur en hjá hljóðfæranemendum. Hljóðfæratímar í fjarkennslu geta leitt með sér ýmis vandamál í sambandi við tækniörðugleika,²³ en það er einmitt mesta fyrirstaðan í einkatímum að mati nemenda í tónlistardeild Listaháskólans. Í næsta kafla verður farið nánar í þessa örðugleika.

Helstu fyrirstöður í einkatímum

Í svörum nemenda við spurningu 6, um hverjir séu kostir og gallar í einkatímum, var töluvert meira skrifað um gallana heldur en kostina sem fylgdu fjarkennslunni. Sá galli sem flestir svarendur skrifuðu um voru tæknilegir örðugleikar. Þessir tæknivandamál komu fyrir í mismunandi myndum hjá nemendum. Í gítartímum var ekki hægt að spila saman sökum seinkunnar á hljóðinu. Að sögn eins gítarnemanda urðu tímarnir fljótt að hálfgerðu fyrirlestraformi með smá samskiptum á milli. Þá sagði hann að einnig geta komið upp önnur hljóðvandráði ef nemandi er ekki útbúinn búnaði eins og hljóðkort. Hvað söngtíma og aðra hljóðfæratíma varðar, þá sögðu nemendur að erfitt var að koma blæbrigðum, dýnamík og tóngæðum almennilega til skila. Í samanburði við hljóðfæranemendur var minna skrifað um galla hjá tónsmíðanemendum. Nemendur í hljóðfæratónsmíði nefndu að erfitt var að sýna kennaranum skissur sem þeir höfðu gert á blaði. Nemendur tóku myndir af skissunum og sendu kennurunum, en oft myndaðist ruglingur þegar kennarinn las úr myndinni. Nemandi í raftónsmíðum nefndi að það skapast allt öðruvísi flæði í tímanum þegar hist er augliti til auglits. Þá er alltaf hægt að grípa í hljóðfæri til þess að sýna

²³ Koutsoupidou, „Online distance learning and music training: benefits, drawbacks and challenges,“ 244.

eitthvað, andrúmsloftið er meira skapandi og allt getur gerst. Einnig upplifir þessi nemandi meiri innblástur við það að hitta kennarann í persónu. Annar nemandi í raftónsmíðum nefndi að þegar tæknin bregst sé erfitt að þurfa að setja orkuna í það frekar en að fókusera á tónlistina. Þegar tímanum er lokið finnur nemandinn fyrir þreytu í stað þess að vera endurnærður og til í að takast á við að gera tónlistina sína betri. Annar galli sem nokkrir skrifuðu um voru óhentugar aðstæður heima fyrir eða íbúðalega séð, m.t.t. nágranna. Í heildina sögðu flestir að einbeiting hafi verið góð í byrjun en hafi svo farið hrakandi. Önnur svör voru að tímarnir voru ópersónulegri, metnaðurinn var minni og fólk fékk minna út úr tímum.

Helstu kostir í einkatímum

Þó að mikið hafi verið skrifað um galla hjá svarendum, voru þó kostir sem nemendur sáu í einkatímum. Sá kostur sem flestir skrifuðu um var að ekki fór tími í að koma sér milli staða, sem getur verið dýrmætt fyrir fólk sem hefur í mörgu að snúast. Annar kostur sem svarendur sáu í fjarkennslu er að hægt er að fara í tíma hvar sem maður er staddur í heiminum eða ef maður kemst einhverra hluta vegna ekki í tímann sinn. Það sama má segja um kennarann, en einn nemandi sagði mikinn kost að hafa fengið einkatíma frá bandarískum kennara. Aðrir kostir voru að geta tekið upp tímana og átt þá seinna til að skoða og að fjarkennsla henti ágætlega fyrir tónsmíðanáms og tæknilegar hliðar hljóðfæranáms. Fjarkennslan var betri en engin kennsla.


Hugmyndir til betrubóta

Í nemendakönnuninni var ekki spurt um hugmyndir um hvernig upplifunin gæti orðið betri í einkatímum. Höfundur vill þó koma aðeins inná þetta efni og hefur dagbækurnar og svör nokkurra nemenda til hliðsjónar. Einn nemandi sagði að klukkutími í fjarkennslu sé meira en nóg í athyglisskyni ef halda á fullri athygli nemenda. Þetta er vissulega persónubundið, en hægt væri að bjóða upp á að skipta einkatímanum upp í tvo stutta tíma fyrir nemendur sem kjósa þess. Það er augljóst að tæknin var eitt aðalvandamálið í einkatímum. Það er því nauðsynlegt að gera sem bestar ráðstafanir svo tæknin virki sem best. Sem dæmi, þá nefnir Karl í sinni dagbók að sambandið og hljóðgæðin voru verst hjá þeim kennara sem notaði ekki heyrnatól. Lykilatriði númer eitt væri því að allir séu með heyrnatól. Til að gera hljóðgæðin enn betri, væri hægt að nota svipaða uppsetningu og gítarkennarinn hans Magna. Hann var með hljóðnema sem tengdust í hljóðkort, sem

tengdist í tölvuna. Ef bæði nemandi og kennari væri með uppsetningu af þessu tagi, væri sambandið og hljóðgæðin líklega þau bestu sem völ er á. Önnur hugmynd hvað varðar tæknina er að gera það sem Guðný og kennarinn hennar gerðu í einkatímunum. Þ.e. að nemandinn tekur sig upp spila á síma eða lítið upptökutæki og sendir kennaranum. Kennarinn hlustar og svo hittast þau í gegnum netið og ræða sín á milli.

Bókleg fög

Alls sögðust 56% svarenda að bókleg fög hefðu gengið vel eða mjög vel. 29% sögðu þau hafa gengið bæði vel og illa á meðan 4% sögðu bóklegu fögin hafa gengið illa eða mjög illa. Með því að bera saman niðurstöður einkatíma og bóklegra faga, kemur í ljós að bóklegu fögin gengu örlítið betur hjá nemendum heldur en einkatímarnir. Sjá samanburð á töflum þrjú og fjögur.



Töflur 3 og 4: Niðurstöður úr spurningum fimm og átta um hvernig nemendum fannst einkatímar og bókleg fög ganga í heildina.

Einkatímar á hljóðfæri krefjast stöðugs persónulegs sambands og samspils kennara og nemanda á meðan mörg bókleg fög byggjast á bóklegum lestri og krefjast því minni samskipta en einkatímar á hljóðfæri.²⁴ Það þýðir að bókleg fög ganga betur í fjarkennslu heldur en hljóðfæraeinkatíma þar sem persónulegu samskiptin eru minni og þá sömuleiðis tækniörðugleikarnir, en þeir vógu mest í svörum nemenda hvað varðar galla í einkatímum.

Helstu fyrirstöður í bóklegum fögum

Í svörum nemenda við spurningu níu, um hverjir séu kostir og gallar í bóklegum fögum í fjarkennslu, var að sama skapi meira talað um gallana heldur en kostina eins og í spurningu sex. Gallarnir voru flestir af öðrum toga en í spurningu sex, enda um ólík kennslufög að

²⁴ Ibid., 249.

ræða. Sá galli sem bar mest á í svörum nemenda var skert einbeiting. Margir nemendur töluðu um að auðvelt hafi verið að freistast til að gera eitthvað annað en að fylgjast með fyrirlestrinum og gáfu margir dæmi um af hverju það gerðist. Til dæmis var auðvelt að freistast til að skoða eitthvað á netinu, taka upp símann, eða vinna í öðrum verkefnum. Margir sögðu ástæðuna fyrir því vera að tímarnir voru of langir. Einn lýsti því sem svo að kennarinn væri á nokkursskonar eintali og því auðvelt að missa þráðinn. Lítið var um samtal milli nemenda og kennara og þess vegna leið tíminn hægar en vanalega sem hafði áhrif á athyglisskynið. Erfitt var að halda einbeitingu vegna þess að ekki var eins auðvelt að spyrja spurninga eða bregðast við eins og í skólastofunni. Ástæðan hafi verið sú að oftast þurftu nemendur að hafa hljóðnemann óvirkan og því var auðvelt að missa af tækifærinu til að segja eitthvað ef langan tíma tók að virkja hljóðnemann. Það hafði neikvæð áhrif á einbeitingu að sjá ekki kennarann þegar hann slökkti á myndavélinni sinni. Margir töluðu um að fjarkennslan hafi komið niður á gagnvirkni og umræðum. Þetta hentaði samræðutímum mjög illa. Nemendur voru einnig þreyttir á því að sitja lengi fyrir framan tölvu en einum nemanda leið oft eins og hann væri að springa að innan þegar leið á bóklegu fjarkennsluna, sérstaklega þegar hann þurfti að sitja við tölvuna samfleytt frá kl. 8:30 – 12:10. Lítið var talað um tæknileg vandamál í bóklegu fjarkennslunni, þó þau hafi komið upp. Tæknilegu vandamálin sem upp komu voru hökt í tali þegar netið var lélegt, lélegt hljóðgæði þegar kennarinn ætlaði að spila tónlist og óvissa um hvort kennarinn væri að deila skjánum rétt sem gat tafið kennslustundina.

Helstu kostir í bóklegum fögum

Svör nemenda gáfu til kynna að bóklegu fögin hafi gengið eilítið betur heldur en einkatímarnir, líkt og samanburður spurninga fimm og átta sýndu einnig (Tafla 3 og 4). Sá kostur sem mest bar á í bóklegu kennslunni var að þurfa ekki að koma sér milli staða. Annar kostur sem margir sáu í fjarkennslunni var að taka upp tímann og horfa á seinna, ef kennarinn bauð upp á það. Nokkrir nemendur voru mjög jákvæðir gagnvart fjarkennslunni. Samkvæmt einum nemanda hentar fjarkennsla betur og allt utanumhald er þægilegra. Fjartímar eru ágætir ef um fyrirlestra er að ræða og kostur er að geta slökkt á hljóðnemanum í tónheyrn og raulað án þess að trufla samnemendur.

Hugmyndir til betrubóta

Þó svo að mikið hafi verið um galla við bóklegu fjarkennsluna, voru nemendur almennt jákvæðari gagnvart henni og komu sumir nemendur með uppástungur um hvernig upplifunin gæti orðið betri. Allar þær hugmyndir sem nemendur nefndu koma inná einbeitingu og hvernig væri hægt að bæta hana. Ein hugmynd er að taka upp tímana og senda nemendum. Þá gætu þeir hlustað á sínum hraða, sett á pásu og komið aftur að henni við fulla athygli. Kennarar mættu einnig gera ráð fyrir meiri pásu. Gott er að muna eftir því að standa upp nokkrum sinnum í tímum. Einnig er ágætis regla ef allir gætu haft kveikt á myndavélunum sínum. Einn nemandi skrifaði langa og greinagóða lýsingu á hvernig tímarnir gætu verið betri. Hann sagði að kennarar hefðu þurft að taka fjarkennsluna talsvert harðari höndum og stýra umræðum betur. Hann sagði algengt að kennarar spyrðu of „opið út í tímann“. Hann vill meina að betra væri ef kennarar nefndu nafn, t.d. „Jón, hvað finnst þér um...“ o.s.frv. Þessi sami nemandi nefndi einnig að mögulega hefði verið betra að taka upp fyrirlestra fyrirfram. Hann sagði fjartíma ekki vera þá sömu og venjulega tíma og því þyrfti að byggja þá upp öðruvísi. Að hans mati voru fjartímarnir allt of langir og þá hefði þurft að stytta og kenna á markvissari hátt.

Forrit í fjarkennslu

Þegar spurt var um hvaða forrit nemendum fannst koma best út í kennslunni var forritið Zoom með yfirhöndina. Næst á eftir kom forritið Microsoft Teams. Sumir svarenda sögðu þessi forrit svipuð og fundu lítinn mun á þeim. Allir nemendur sögðust hafa notað annaðhvort þessara forrita í bóklegu fögunum, en í einkatímum voru einstaka svarendur sem notuðu önnur forrit eins og t.d. Messenger, Facetime og Google Meet.

Aðferð kennarakönnunar

Höfundur athugaði einnig upplifun kennara tónlistarbrautar Listaháskólans af fjarkennslu. Könnuninni var send á netföng allra kennara tónlistardeildar. Hún var opin í um eina viku í lok október 2020 og svöruðu 12 einstaklingar. Könnunin svipaði til nemendakönnunarinnar en margar spurningar voru þær sömu. Kennarakönnunin bar sömu yfirskrift og sú fyrir nemendur, „Tónlistarfjarkennsla í LHÍ í samkomubanni – Vor 2020“, og var einnig útbúin á Survey Monkey. Meðalsvartími var um átta mínútur. Könnunin samanstóð af eftirfarandi níu spurningum:

1. Kyn:

2. Aldur:

3. Hvaða einkatíma kennir þú?

- e) Hljóðfæratónsmíðar
- f) Raftónsmíðar
- g) Laga- og textasmíði
- h) Hljóðfæri/söng. Hvaða hljóðfæri?
- i) Ég kenni ekki einkatíma

4. Hvaða forrit fannst þér koma best út í einkatímum?

- f) Zoom
- g) Teams
- h) Messenger
- i) Skype
- j) Annað?

5. Hvernig fannst þér einkatímarnir ganga í heildina?

- f) Mjög vel
- g) Vel
- h) Bæði og
- i) Illa
- j) Mjög illa

6. Geturðu gert stuttlega grein fyrir hvernig upplifun þín var af einkatímum í fjarkennslu; hvernig var einbeiting þín, undirbúningur, hvernig skynjaðirðu upplifun nemandans? Hverjir eru helstu gallar og kostir?

7. Hvaða forrit fannst þér koma best út í bóklegum fögum?

8. Hvernig fannst þér bóklegu fögin ganga í heildina?

9. Geturðu gert stuttlega grein fyrir hvernig upplifun þín var af bóklegum fögum í fjarkennslu; hvernig var einbeiting þín, undirbúningur, hvernig skynjaðirðu upplifun nemandans? Hverjir eru helstu gallar og kostir?

Niðurstöður kennarakönnunar

Einkatímar

Alls sögðust 11% svarenda að einkatímarnir höfðu gengið mjög vel, 77% sögðu þá hafa gengið vel og 11% bæði vel og illa. Ef bornar eru saman niðurstöður tónsmíðakennara og hljóðfærakennara kemur í ljóst að 100% tónsmíðakennara sögðu kennsluna hafa gengið vel. 33% hljóðfærakennara sögðu hana hafa gengið mjög vel, 33% vel og 33% bæði vel og illa. Það er því ákveðið samræmi á niðurstöðum kennara og nemenda, að tónsmíðar gengu betur heldur en hljóðfærakennarar í einkatímum.

Helstu fyrirstöður í einkatímum

Kennarar voru flestir fremur jákvæðir gagnvart fjarkennslunni. Margir höfðu orð á því að kennslan krafðist meiri undirbúnings en staðbundin kennsla. Sá galli sem kom oftast fyrir í svörum kennara var að fjarkennslan varð þreytandi til lengdar, bæði fyrir kennarann og nemandann. Viðveran við tölvuna varð þreytandi og það vantaði persónulega nánd. Kennarar í hljóðfæratónsmíði sögðu fjarkennsluna henta betur þeim nemendum sem nota nótnaskriftarforrit en þeim sem handskrifa nótur. Einn kennari sagði fjarkennsluna krefjandi þar sem hún krefst töluverðar og óslitinnar einbeitingar. Lítið var skrifað um tæknileg vandamál í svörum, en þess má geta að meirihluti svarenda voru tónsmíðakennarar, en eins og hefur komið fram þá hentar tónsmíðanáam betur í fjarkennslu heldur en hljóðfæranám. Hljóðfærakennararnir sögðu að tengingar væru stundum lélegar og það hafði slæm áhrif á kennsluna, en vesen var að kenna á hávær hljóðfæri. Sumir nemendur voru líka illa tækjum búnir fyrir svona fjarnám, sem gerði kennsluna þar af leiðandi erfiðari. Fjarkennslan var með þrönga gátt og erfitt var að gera hana fjölbreyttari.


Helstu kostir í einkatímum

Kennararnir skrifuðu nokkra kosti í svörum sínum þó þeir hafi ekki verið margir. Einn kostur var sá að tíminn nýttist betur. Ekki þurfti að koma sér milli staða, og ef nemandi mætti ekki í tíma þá gat kennari auðveldlega gripið í önnur verkefni. Kennlustundin var afmarkaðri og formlegri í fjarkennslu. Einn kennari nefndi að einbeitingin var oft betri en í staðbundinni kennslu. Fjarkennslan er kostur í ástandi eins og fjöldatakmörkunum og samkomubanni.


Bókleg fög

Alls sögðust 30% kennara bóklegu fögin hafa gengið mjög vel, 40% vel og 30% bæði vel og illa. Sjá töflur 5 og 6. Til samanburðar eru niðurstöður nemenda hafðar til hliðsjónar, sjá töflur 7 og 8. Samanburður á niðurstöðum nemenda og kennara gefur til kynna að tiltölulegt samræmi hafi verið þar á milli. Kennarar voru þó almennt jákvæðari heldur en nemendur. Helsti munurinn er á einkatímum en þar voru kennarar heldur jákvæðari heldur en nemendur. Höfundur bendir þó aftur á þá staðreynd að flestir kennarar sem svöruðu voru tónsmíðakennarar.

Einkatímar - Kennarar




Bókleg fög - Kennarar




Töflur 5 og 6: Niðurstöður úr spurningum fimm og átta um hvernig kennurum fannst einkatímarnir og bóklegu fögin ganga í heildina

Einkatímar - Nemendur



Bókleg fög - Nemendur



Töflur 7 og 8: Niðurstöður úr spurningum fimm og átta um hvernig nemendum fannst einkatímarnir og bóklegu fögin ganga í heildina.

Helstu fyrirstöður í bóklegum fögum

Einn stærsti gallinn sem kennarar skrifuðu um í bóklegum fögum var hve lélegt flæði var í umræðum. Einn kennari sagði að umræðurnar snerust meira í einræður og að ekki var hægt að kasta boltanum eins hratt eins og í staðbundinni kennslu. Þessi sami kennari sagði að stundum leið honum eins og hann hafi verið að tala við sjálfan sig, sérstaklega þegar nemendur voru með slökkt á myndavélum. Sumir kennarar sögðu upplifun nemenda hafa verið góða, en aðrir kennarar sögðu að mjög erfitt hafi verið að segja til um upplifun nemenda af kennslunni. Sumir nemendur voru ekki eins virkir og í staðarnámi. Erfitt var að

ná til þeirra sem hafa tilhneygingu til að tjá sig lítið eða ekkert í hefðbundnum kennslustundum. Einnig var erfitt að vera með sveigjanleika í tímum og bregðast við einstökum vandamálum. Aðrir gallar í svörum kennara gagnvart bóklegu kennslunni voru af svipuðum toga og í einkatímum. Undirbúningur var meiri fyrir fjarkennsluna og yfirferð var tímafreakari. Ýmis vandamál komu upp við að deila hljóði og setan við tölvuna varð þreytandi til lengdar. Skortur á eiginlegum mannlegum samskiptum, sem kemur með kennslu í sama rými, var einnig neikvæður til lengdar.

Helstu kostir í bóklegum fögum

Þeir kostir sem kennarar sáu við bóklega fjarkennslu voru margir hverjir þeir sömu og í einkatímum. Að sinna kennslu í gegnum netið gerði kennurum og nemendum kleift að vinna að heiman og sleppa ferðum fram og til baka, sem er gott fyrir umhverfið. Tímarnir urðu skipulagðari og afmarkaðari um einstaka hluti námsins. Einn kennari nefndi þetta fyrirkomulag mikinn kost fyrir nemendur sem búa langt í burtu, eins og úti á landi.

Hugmyndir til betrubóta

Í einstaka svörum kennara voru nokkrar hugmyndir um hvað væri hægt að gera svo upplifunin væri betri af bóklegri fjarkennslu. Einn kennari sagði fjarkennsluna ganga vel ef glærurnar voru vel undirbúnar. Góður undirbúningur er lykilatriði í fjarkennslu en sá mikli undirbúningur sem fjarkennslan krefst er undirbúningur sem er líklega hægt að nýta í framtíðinni. Til að minnka líkur á hljóðvandræðum gætu kennarar prófað að deila skjá eða hljóði áður en kennslustundin hefst, t.d. með öðrum kennara. Hvað varðar þá löngu setu við tölvu sem einkennir fjarkennslu er mikilvægt að standa upp og hreyfa sig á milli kennslutunda. Einn kennari sagðist hafa rekið sig fljótt á að ekki mátti halda of lengi áfram. Það er því einnig mikilvægt að afmarka kennslustundina vel og jafnvel hafa hana styttri en staðbundna kennslu.

Umræður

Niðurstöður ritgerðarinnar leiddu í ljós að fjarkennslan hafi gengið ágætlega, en hefði getað gengið betur að mati bæði nemenda og kennara. Helstu kostir hennar voru að ekki þurfti að koma sér á milli staða og hægt var að vinna hvar sem er. Helstu vandamál í bóklegum fögum voru kennslufræðilegs eðlis á meðan helstu vandamál einkatíma voru tæknileg. Það er ljóst að um mikla áskorun var að ræða fyrir bæði nemendur og kennara að færa staðbundið nám yfir í fjarnám. Árangursríkt fjarnám krefst mikilvægs samspils ýmsra þátta eins og góðrar skipulagninar, sjálfstæðis í vinnubrögðum og góðra samskiptaleiða. Í grein um fjarnám og tónlistarkennara eftir James W. Sherbon og David L. Kish kemur fram að nemendur sem hafa hug á fjarnámi þurfa að hugsa sig vel um áður þeir ákveða að fjarnám verði fyrir valinu í staðinn fyrir staðbundið nám. Í greininni er listi yfir atriði sem nemendur geta velt fyrir sér áður en fjarnám er valið. Nemendur í fjarnámi þurfa að hafa sjálfsgaga, sveigjanleika og skilning í námi og vera reiðubúnir að takast á við ýmsar tæknilegar áskoranir. Þeir þurfa að vera tilbúnir að samþykkja að samskipti við samnemendur og kennara verða af allt öðrum toga í fjarnámi.²⁵ Í greininni er einnig fjöldi spurninga sem nemandi getur spurt sjálfan sig að um hvort fjarnám henti honum eður ei. Þessi atriði og þessar spurningar fengu nemendur í Listaháskólanum ekki að skoða eða spyrja sig að, heldur þurftu allir að taka á sig þá áskorun að stunda fjarnám. Ljóst er að það er alls ekki fyrir alla að vera í fjarnámi og því hefur þetta reynst mörgum nemendum erfitt eins og niðurstöður leiddu í ljós.

Þetta hefur sömuleiðis verið erfitt fyrir kennara, en fjarkennsla á netinu krefst athygli á annars konar kennslufræðilegri nálgun.²⁶ Carol Johnson gerði rannsókn um þær breytingar á kennsluháttum sem eiga sér stað þegar kennsla er færð yfir á netið. Niðurstöður þeirrar rannsóknar gáfu til kynna að sá skilningur og reynsla sem kennarar hafa af fjarkennslu og sú stefna sem þeir velja að nota, spilar stóran þátt í hvort vel heppnist eður ei að færa kennslu yfir á netið. Í rannsókninni kom fram að þeir kennarar sem höfðu einhverja reynslu af fjarkennslu höfðu meiri trú á henni og voru duglegri að beita nýjum nálgunum í kennslunni og finna leiðir til að gera hana betri. Þeir kennarar sem höfðu enga reynslu af fjarkennslu voru neikvæðari og voru ekki eins duglegir að finna nýjar leiðir í kennslu heldur beittu sömu aðferðum og í hinni venjulegu skólastofu. Niðurstöðurnar leiddu þó í

²⁵ Sherbon og Kish, „Distance Learning and the Music Teacher,“ 39.

²⁶ Johnson, „Teaching music online: Changing pedagogical approach when moving to the online environment,“ 442.

ljós að með tíma og reynslu þróuðu kennarar með sér aukna getu á að takast á við fjarkennslu.²⁷

Eins og hefur komið fram þá hefur Listaháskólinn aldrei áður þurft að kenna í fjarkennslu. Það má því áætla að flestir kennarar tónlistardeildar LHÍ hafi ekki kennt fjarkennslu áður, og því ekki tileinkað sér þær breytingar á kennsluháttum sem eiga sér stað þegar kennsla er færð yfir á netið. Áætla má að flestir kennarar hafi því verið á byrjunarreit líkt og nokkrir kennarar í rannsókn Carol Johnson. Öllum var hent í djúpu laugina og við engan er að sakast nema kórónuveirufaraldurinn sem hindraði hefðbundið skólastarf. Eins og kom fram í kaflanum um fjarnám í tónlist, þá er fjarnám í tónlistarháskólum oftast blandað með staðbundinni kennslu. Kórónuveirufaraldurinn hindraði það og fólk gat aðeins hitt sína nánustu í samkomubanninu. Þetta tímabil var því mjög óhefðbundið og var fólk ekki að sækja viðburði eins samkvæmi, tónleika o.fl. Fólk var einangrað og það hefur án efa haft áhrif á upplifun nemenda og kennara af fjarkennslunni. Áhugavert væri að gera sambærilega rannsókn á upplifun nemenda og kennara af fjarkennslu þegar aðstæður í samfélaginu eru eðlilegar. Þá væri áhugavert að sjá hvort nemendur og kennarar væru jákvæðari gagnvart kennslunni.

²⁷ Ibid., 445.

Heimildaskrá

- Ásrún Matthíasdóttir. „Fjarnám á háskólastigi.“ *Tölvumál* 34, 1 (2009): 42–43. Sótt 18. nóvember á <https://timarit.is/page/6621656>.
- Erla Þrándardóttir, Guðrún Rósa Þorsteinsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson, og Ögmundur Knútsson. „Fjarnám við íslenska háskóla; úttekt og stöðugreining.“ Rannsókn- og þróunarmiðstöðu Háskólans á Akureyri, 2007: 1-2. Sótt 18. nóvember 2020 á http://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2007/fjarnam_isl_hask_lokas_k.pdf.
- „Fjarnám.“ *Háskóli Íslands*, e.d. Sótt 18. nóvember á https://www.hi.is/nam/fjarnam_0
- Johnson, Carol. „Teaching music online: Changing pedagogical approach when moving to the online environment.“ *London Review of Education*, 15, 3 (2017): 439-452, doi: 10.18546/LRE.15.3.08.
- Kjartan Kjartansson. „Óþekkt veira í Kína líklega ný gerð kórónuveiru.“ *Vísir*, 14. Janúar 2020. Sótt 18. nóvember 2020 á <https://www.visir.is/g/20201102610d>
- Koutsoupidou, Theano. „Online distance learning and music training: benefits, drawbacks and challenges.“ *Open Learning* 29, 3 (2014): 243-255, doi:10.1080/02680513.2015.1011112.
- „Almennt um tónlistardeild.“ *Listaháskóli Íslands*, sótt 18. nóvember 2020 á <https://www.lhi.is/almennt-um-tonlistardeild>.
- „Námsbrautir við Listaháskóla Íslands.“ *Listaháskóli Íslands*, e.d. Sótt 18. nóvember á <https://www.lhi.is/namsbrautir-vid-listahaskola-islands>
- „Um Listaháskólann.“ *Listaháskóli Íslands*, e.d. Sótt 18. nóvember á <https://www.lhi.is/um-listahaskolann>
- Sherbon, James W., og David L. Kish. „Distance Learning and the Music Teacher.“ *Music Educators Journal* (2005) 35-41, doi:10.2307/3400195
- „Dregið úr takmörkunum á samkomum og skólahaldi 4. maí.“ *Stjórnarráð Íslands*, 14. apríl 2020. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/04/14/Dregid-ur-takmorkunum-a-samkomum-og-skolahaldi-fra-4.-mai/>.